

Gert 20 janúar 2016.

"Bítlabáturinn" siglir en um höfin.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tekið fram.



Enn stígur höfundur fram til að rifja upp fyrir sér og öðrum sem áhuga hafa skemmtilegt tímabil í sínu lífi og gerðist á sjöunda áratug seinustu aldar sem margir kenna við The Beatles- tímabilið og áhrifin sem þeir höfðu á samtíma sinn og enn er í fersku minni hjá grúanum sem uppi var og naut hvers andartaks.

Margt annað gekk meðfram Bítlatímabilinu bæði í Hafnarfirði, fæðingarbæ höfundar, sem og hér uppi á Íslandinu góða sem einnig heillaði og sumpart fangaði æsku sjávarplássanna.

Eitt voru síldveiðarnar í höfunum sem mikið fór fyrir og margur strákurinn og stelpan átti ættingja, föður, bróðir og eða frænda um borð í sem gaf því sinn áhuga á að fylgjast nánar með en væri þekkti fólkið engan á neinu þessara skipa. Dagblöðin voru og viljug að

fylgja eftir fréttum af aflabrögðum, gangi síldarplananna og öðru sem að gagni kom og fólkið heima beið eftir að fá að heyra um. Dagblöð þess tíma komu nokkuð reglulega inn með aflatölur síldarbátanna og oft líka hvernig hverjum og einum bát gekk að eiga við "silfur hafins." "Silfur hafsins" er síldin stundum nefnd.

Saman við þetta fengum við sem heima vorum og enn ekki orðin nógu gömul til að fara á síldarbat einnig fregnir af The Beatles og hinum sem gerðu garðinn frægan á sviði músíkur og nutum ekki síður fregna þaðan en af síldarmiðunum og sérstaklega væri um að ræða báta sem fjölskyldumeðlimur var um borð í. Margt var gott við sjöunda áratug seinustu aldar og gerir merkilegan í vitund þjóðarinnar sem upplifði.

Nú að öðru.

Allir eiga sér sína bestu tíma og líka sína verstu stundir. Sumum reyndar þykir viðeigandi að hafa þær verstu líka með hvort sem er í svona samantekt eða öðrum sem menn vilja fara í. Alltaf með. Sitt sýnist hverjum um það atriði. Og mega líka alveg.

Hvenær hver einstaklingur upplifir sínar bestu stundir er einstaklingsbundið þó sé frasi að segja að hann sé bara núna, þó það eigi við í tilviki höfundar sem fyrir löngu hefur lært að gera gott úr hverjum degi fyrir sig og hefur tekist bærilega að gera. Velji maður hins vegar

fyrir sig að benda á annan tíma sem sérstakan í sínu lífi kemur strax upp í hugann 1963 til ársins 1970 er Bítladraumurinn hófst og allur glaumurinn og gleðin knúði dyra og maður á sinn hátt varð með í og átti með öllum hinum milljónatugunum í heiminum þó fæsta þekkti maður persónulega né gæti með neinum einföldum hætti deilt gleði sinni með þó allt þetta fólk réri með manni á sama báti sem fór víða og nokkuð hratt yfir og svo margt gerðist á og lagði hér og hvar að landi og hélt svo för sinni áfram skiljandi hvarvetna eftir sig góðan afla fyrir margan manninn og konuna sem umbreyttust hjá fólkinu í gríðarleg verðmæti sem það enn nýtur og telst fyrir vikið ríkara fólk en margt annað sem missti af eða vildi ekki vera með um borð í bátnum vegna þess að mamma og pabbi og "stóra systir" grín, sögðu. "Óskapleg læti eru í kringum þessa Bítla."

-Gítarleikarinn tilheyrði hljómsveit sjöunda áratugarins og vissu menn oft hverfir voru gítarleikarar í þessari og hinn hljómsveitinni. Var þetta enda tímabil rokkhljómsveitanna og meðlima slíkra hljómsveita.-

En akkúrat hann, það er hasarinn og lætin og atgangurinn sem greip okkur, elskuðum við og vildum vita allt um og svo aðeins meira heldur en allt ef



verða mætti og öfluðum okkur hvarvetna upplýsinga og gerðum hvar sem þær var að finna. Sem í upphafi voru reyndar ekki neitt sérlega miklar en samt nóg til að vera olía á mikilvægan og merkilegan Bítlaeld sem hélt stuðinu gangandi og sum af okkur fengum loks að segja við næsta mann: "Eru ekki allir í stuði?"- og líka meintum hvert orð. Sannarlega vorum strákar og stelpur, og unglingar og ungt fólk, almennt vel með á nótunum. Hávaði!!! Heyrnarleysi!!! Ekkert mál. Bara ef hann kom frá Bítlunum. Sinfónía í"C?" og eða óperettusöngur? Þoldum ekkert svoliðis. Fyrir okkur var það hreinn og tær hávaði, hvalræði og eyrnaskemmandi músík öndvert við Bítlatónanna og Rolling Stones músíkina. Slíkir tónar léku ljúflega um eyru vor. Og enn er heyrn mín bara prýðileg, takk fyrir. Smáöfgar hér á ferð og það skal ég fyrstur manna viðurkenna en samt það sem var.

Stundum að þá koma tækifærin bara til manns einu sinni og okkar að ákveða og gefa sér ekki of langan umhugsunarfrest hvort stökkva skuli um borð í bátinn sem þarna siglir hjá og allir um borð kalla til manns þessi orð: " Hey þú sem þarna stendur og ert enn óráðin! Komdu og vertu með okkur á þessari skemmtilegu siglingu um haf tónlistarinnar." - "Á ég að hrökkva eða sökkva"- veltir maður fyrir sér og tekur undir sig stökk og lendir mjúkleg á milli allra hinna sem fyrir voru í bátnum og hver með sælubros á vör og Bítlalögin glymjandi yfir sér.

Höfundur sér ekki eftir neinu sem þarna gerðist og hálf öld liðin. Hún var sitt gæfuspor og ekkert minna heldur en það. Sum af okkur á þessum tíma völdum að vera fólkíð sem stykki á

og leyfði öldu þessari að fara með okkur þangað sem hún fór. Málið var að koma sér sem best fyrir í ágætum Bítlabátnum.

(Bítlabáturinn! Merkileg hugsun sem gaman væri að sjá vel útfærðan og á eftir þrykktan á striga hjá færum listmálara. Og varpar höfundur fram þessari hugmynd hér með og gerir í fullri alvöru)

En áfram með hitt.



Eða uns Paul McCartney steig fram og tilkynnti heimsbyggð allri að Bítlarnir hefðu stigið til hliðar og væru hættir. "Þannig fór um sjóferð þá"- sögum við sum hver hvort við annað hrygg og sum grátandi og veröldin umbreytist í rjúkandi rúst. Mann vel hvar ég sjálfur var staddur er fréttin barst mér að var fyrir utan heimili mitt sem á þeim tíma var

Hellisgata 15 í Hafnarfriði og fyrir utan eldhúsgluggann heima og útvarpið þar rétt innan við og verið að lesa hádegisfréttir á Ríkisútvarpinu og barst mér fréttin út um opnalega fagið þó ekki vilji ég nú beint meina að veröldin hafi hrunið en samt. Manni fannst þetta alltént vond frétt og svona skynjaði í kringum sig visst tómarúm og óvissu í og hugsaði með sjálfum mér: "Hvað tekur nú við"- Sú þæling varð mörgum raunveruleg. Þá rann upp fyrir mér er ég í fyrsta sinn heyrði um þessa ágætu ungu menn frá Liverpool og skynjaði eitthvað merkilegt í loftinu en var þarna horfið. Merkilegt og svona gerðist þetta.

Munum að Bítlarnir áttu afskaplega mikið í ungu fólki á þessum tíma og þarf því engin að vera neitt rasandi þó talsverð viðbrögð hafi orðið í öllum þessum hjörtum sem væntu en var nú tekið frá þeim, hvað á eftir sem mönnum kann að finnast um þau. Máski héldum við að þetta mynda bara vara til eilífðarnóns, sem auðvitað gat ekki orðið af og aldurinn hefur rækilega kennt manni. En þá var maður líka yngri og ekki en búin að fá reynslu sem kom með árunum að baki og fylgir manni í dag.

Samt var Bítlabát þessum ekki endanlega lagt þarna þó nokkra stund lægi við bryggju þá sem honum var siglt upp að og bundinn við á heldur bara beið hann á þessum stað á meðan fólkið var enn að ná upp fyrir styrk. Það vissi að bátur þessi flaut og að vel mætti gera hann aftur út þó í eilítið breyttu formi væri. Sem og gerðist.

Með hjálp minninganna og hlustun á Bítlaplötturnar gerðist það með tíð og tíma að bátnum með nafninu "George, Paul, John og Ringo"- var aftur ýtt frá bryggjunni og við ákváðum að halda okkur áfram við sama steðja og var er við fyrst heyrðum af þessari Bresku stemmningu og sóttum til baka fögnuðinn sem alla tíð hafði búið í hjartanu á meðan allt var í gangi og bjó

með svo mörgu okkar þrátt fyrir allt og til varð í kringum gríðarlegt umfangið sem sjöundi áratugurinn var yfirfullur af á sviði hljóma og tóna. Slík voru áhrifin sem Bítlarnir blessaðir höfðu á samtíma sinn að engin furða er að enn skuli vera svo hátt upp hafin hjá okkur sem enn erum á jörðinni. Vissulega hafa margir sem uppi voru á milli 1963 og 1970 kvatt þetta líf en samt skiptum við sem eftir erum í dag milljónum og erum sum af okkur fólkið sem höldum þessu lifandi og finnst full ástæða til. Sum af okkur höfum mætt á tónleika þá sem hvort sem er Sir Paul McCartney og eða Ringo Starr hafa haldið gegnum tíðina og eru iðnir við að gera að hreint ótrúlegt er. Þeir eru hvergi af baki dottnir og fylla alla sali hvort sem er litla eða stóra sali á tónleikum sínum og frekar að þeir velji sér hús með visst mörgum sætum í til að fjöldin verði ekki of mikill heldur svona hæfilegur, megi nota það orð um hljómleika svo stórra nafna í heimi tónlistarinnar.

Sjá má að enn lifir í þessum glæðum sem eru reyndar talsvert meira heldur en glæður og réttara að tala um skíðlogandi elda þó áratugir séu frá sjokkerandi tilkynningunni sem barst frá öðrum af aðallagahöfundi og söngvara The Beatles og bassaleikara sem við vitum hver er. Og hví að svæfa það sem er gott í lífinu og hví ekki að halda þessum fallega kafla sem okkur var fært upp í hendurnar á lofti og bara njóta? Jah! Segið mér.



Bítladraumnum sjálfum lauk árið 1970. En þá var síldin einnig farin sinn sjóveg af íslenskum miðum og úthafinu sem veitt var á árin á undan og öllu sópað upp sem þar var og gerði að verkum að risastór eyða myndaðist í íslenskt samfélag sem það stundi undan og vissi til að byrja með lítt hvernig skildi fyllt upp. Samskonar áfall varð hjá okkur Bítlaóðum þó gerst hafi tveim árum á eftir hinum. Fyrir okkur sem lifðum og munum var hann ekki síður fengsæll og merkilegur. Í ranni Bítlaóðra kom á vissan hátt líka kreppa sem áhöld eru um hvort væri alvarlegri og ylli stærri áföllum. Sér enda hver sitt eigin augum og ungvíðið metur allt svona sínu eigin mati og auðvitað barnalega.

Alltaf rættist úr því árið 1970, (Síðasta alvöru síldarvertíðin við Ísland átti sér stað 1967. 1968 er árið sem stofnarnir hrundu á og er opinberlega viðurkennt að hafi gerst) veiddu flest íslensk síldveiðiskip á miðunum niður í Norðursjónum og byrjaðir að landa síldarafla sínum í Þýskum höfnum og fiskmörkuðum en færðu sig svo yfir á Danska fiskmarkaði og héldu sér þar uns aftur mátti veiða síld við landið. Fyrsta vertíðin eftir opnun síldarmiðanna á Íslandi var haustið 1975 og 1976 árið sem Íslendingar hættu að senda síldarbáta sína í Norðursjóinn til síldveiða. Á margan hátt var Norðursjávardraumurinn notalegur en honum rétt eins og Bítladraumunum lauk.

Bítlarnir hættu rétt er það en skildu okkur ekki eftir með öllum munaðarlaus því við héldum eftir öllum hljómplötunum og mörgum góðum minningum sem árin sjálf á undan gáfu okkur og við mörg hver sitjum yfir og rifjum upp og förum þá aftur í huganum um borð í Bítlabátinn og leyfum honum að sigla með okkur á ýmsa merkistaði til og vekja okkur þægilegar kenndir. Allt gerlegt vegna ferskleika viðburðanna enn í dag.

En svona til að sinna öllu réttlæti við svona samantekt er best að maður vindi sér yfir hina deildina og rifji upp sínar allra verstu stundir og leiðinlegustu þar sem myrkrið svoleiðis hvolfdist yfir mann að maður vissi hvorki í hvorn fótinn maður ætti að stíga og fyrir löngu búin að gleyma hvað maður hétí. Mín versta stund var er ég..... Held ég kæri mig ekkert um að tíunda þær fyrir ykkur sem þessar línur lesið þó þær séu þarna rétt eins og hjá öðru fólki. Lífið er skemmtilegra en svo að maður nenni lengur að vera að draga á loft biksvart og dimmt ský þó margt líkt þessu sé um þessar mundir og sumpart í tísku. En til hvers? Jah! Segið mér.

Sjöundi áratugurinn er manni kær fyrir margra hluta sakir og hefur hluti þess verið tíundaðar í samantekt þessari og mennirnir sem samsetta myndin hér fyrir neðan áttu stóran þátt í að gera mögulegt. Með auðvitað verkum sínum.



Sjöundi áratugurinn var viðburðaríkur. Vissulega. Skoðum hvað gerðist.

Eins og fram kemur hér ofar og mörg okkar auðvitað vitum að þá var sjöundi áratugurinn viðburðaríkur að líklega sé leitun að öðrum eins. Ekki bara að við höfum fengið að upplifa talsverða grósku á sviði tónlistar og allskonar tónlistarstefna heldur sáum við líka töluvert mikla hreyfingu verða á sviði tækjabúnaðar allskonar sem beint má tengja hreyfingunni sem í gangi var og beintengdum músíkköntunum sem þá voru starfandi og fúsleika þeirra til að gera eitthvað nýtt og helst það sem engin hafði áður gert og frambæra áheyrendum sínum.

Með þeim hætti einum verða framfarir hvort sem er á þessu sviði eða öðrum sviðum mannlífsins.

Allir vita með hve miklum glæsileika Bítlarnir komu inn á sviðið í byrjun áratugarins og hvernig þeim óx fiskur um hrygg uns hámarki var náð og niðurferðin hófst hjá þeim sem þó náði aldrei alveg niður til botnsins heldur stoppaði einhverstaðar á leiðinni og reis aftur síðar meir og til hæstu hæða og bara er þar, eins og dæmin mörg sanna og fáir sem þræta fyrir að sé. Þeir með Rolling Stones og fleirum sem þá voru og hétu breyttu öllu tónlistarlífi á áratugnum sem um er rætt. Þá ruddi sér líka ný tíska til rúms, og viðhorf ungs fólks til umhverfisins tók smá saman breytingum og er má segja enn við líði og hægt er að sjá í gríðarlegri umhverfisverndinni sem menn geta svo sem haft hvaða skoðanir á sem þeir vilja en á samt rætur að rekja til þess tíma. Í lok ársins 1965 höfðu Bítlarnir unnið alla þá titla og verðlaun sem mögulegt var á þessum vettvangi og ekki bara vegna þess að vera The Beatles heldur frekar hversu góðir tónlistarmenn þeir eru. The Rolling Stones fylgdu fast á hæla Bítlanna á þessum tíma og má segja um árið 1965 að aldrei hafi Rollingarnir veitt þeim harðari samkeppni heldur en það ár og verið við það að fara fram úr þeim í vinsældum. Talsverð keppni var þarna á milli þó minnst væru hún og engin milli þessara hljómsveitar meðlima sem slíkra heldur gilti alfarið hjá aðdáendum sveitanna hér og þar í heiminum. Árið 1965 er Bítlaæðið á algleymingi og öll hugsun ungra meira og minna tengd því.



Spencer Davis Group, athyglisverðasta hljómsveit ársins 1966. Stevie Winwood er fremst á myndinni.

Árið 1966 fer örlítið að draga úr þessari spennu og sjálfu Bítlaæðinu. Nú er Breski námuverkamaðurinn Tom Jones komin fram í sviðsljósið og vinnur hvern sigurinn á fætur öðrum. Hljómsveitir eins og Spencer Davis Group og Small Faces vekja sívaxandi athygli. Hljómsveitin Troggs slær í gegn með þremur lögum sem öll komust

upp í fyrsta sæti vinsældarlistanna. Í Ameríku fæddust nýjar stjórnur eins og Mamas and Papas og Four Tops, en þeir vöktu á sér athygli með laginu Reuach out I'll be there. Bítlarnir voru ekki eins áberandi og áður hafði verið og hljómsveit ársins 1966 er valin Beach Boys, sem átti einmitt talsverðri velgegni að fagna árið 1966. Í lok ársins yfirgaf Stevie Winwood, Spencer Davis Group og þótti talsverðum tíðindum sæta. Þótti hljómsveit sú ein hin athyglisverða sem fram hafði komið um langa hríð.



Á Nýársdag 1967 vöknudú menn við það að eitthvað merkilegt lægi í loftinu. Nýjar stjörnur voru að fæðast þar sem The Monkees voru. (Sjá mynd til vinstri) The Monkees urðu afskaplega vinsælir þegar frá upphafi ferilsins og leit helst út fyrir að árið 1967 yrði árið þeirra. Sem ekki varð þó af nema að takmörkuðu leiti. Blómaaldan skall yfir og menn klæddust rósóttum fötum, skreyttu sig blómum og hengdu á sig bjöllur. Kjörroð ársins 1967 var "Flower Power."

Sjá mynd til hægri. Líklegt er að árið 1967 sé enn hlegið að músíkköntum sem lásu nótur og léku efni sem flutt var af nótnablaði. Hve lengi sá ósiður, vil ég segja, varði þekkir höfundur ekki en telur að hafi verið nokkur ár áður en þessu linnti. Enda mistök. Gott er að styðjast við nótur. Þær hjálpa heilmikið til upp á allt skipulag og reglu að gera. Allt með reglu er gott.

Stevie Winwood stofnaði Traffic og Jimi Hendrix geystist fram á sjónarsviðið. Hljómsveitin Cream (Eric Clapton) vakti smá saman athygli og náði talverðum vinsælum og virðingu hjá hlustendum, og má sama segja um Amen Corner. Bob Dyllan slasaðist og hvarf af sjónarsviðinu um tíma. Dyllan er enn að og kom með nýja plötu árið 2015 og hreint ágætt verk. Í Ameríku fór soul-tónlistin vaxandi og lög eins og Knock on wood og Sweet soul musik nutu mikilla vinsælda. Aretha Franklin varð heimsfræg með laginu Respect. Bítlarnir fóru nú aftur að láta að sér kveða og það svo um munaði. Sgt. Peppers platan kom á markað með öllum þeim heilabrotum sem útgáfunni fylgdi og voru menn sammála um að aldrei áður hafi þessir miklu hæfileikamenn sýnt á sér jafn stórkostlega hlið eins og menn urðu vitni að eftir að hafa heyrt hvað meistaraverk þetta innihélt og tíminn sannarlega er búinn að staðfesta að sé. Meistaraverk er rétta orðið er kemur að því að lýsa Sgt. Peppers hljómplötu The Beatles. 1967 stóðu þeir á hátindi frægðar sinnar og aðdáunar. Árið 1967 var líka ár hinna nýju nafna. Auk þeirra vöktu einnig athygli Bee Gees, Procol Harum, Turtles, Movie, Fondations, Engelbert Humpertinck og Mothers og Invertion og margir fleiri. Umboðsmaður Bítlanna frá upphafi ferilsins Brian Epstein lést.

1968 halda Bítlarnir áfram toppsætinu þó að greinilegt merki eirðarleysis sé að finna í þeirra röðum er hér er komið sögu. Þeir fara til Indlands eins og frægt varð til að hitta þar Maharishi Mattesh. Lag Bítlanna Lady Madonna rótaði til í ýmsum og gerði það meðal annars að verkum að Bill Haley komst aftur inn í sviðsljósið að menn um stundarsakir töldu að Rokk og Rólið næði fótfestu á nýjan leik. Ekki varð af því. Vegur svokallaðrar Underground-tónlistar fór nú mjög vaxandi. Julie Driscoll og Brian Auger Trinity vöktu heimsathygli með laginu This wheels on fire. Önnur ný nöfn sem einna helst vöktu athygli þetta ár voru Love Affair, Marmelede, Ohio Express, Garry Puskett and Union Gap, Esther og Mary Hopkins. Ljóminn af þessum nöfnum stóð þó skammt og bar ýmislegt til.




1969 voru miklar sveiflur í hljómsveitbransanum og margar sveitir sem komu fram og vöktu verulega athygli og urðu gríðarlega vinsælar. Og tónlistin byrjar að færast yfir í þyngri takta og tóna og verða svona meiri þælingar en oft áður í kringum útsetningar. Lengd laga eykst talsvert með inn á milli löngum instrumental köflum sem er breyting frá því sem áður viðgekkst í bransanum. Margir telja þetta skeið sem þarna byrjaði einkar áhugavert sem margir taka undir. Lífir þessi tegund tónlistar enda ótrúlega vel þó gjörólík sé hinni sem á undan henni var sem einnig hefur staðist tímans tönn með sóma. Nýjar kynslóðir meðtaka með hreint ágætum báða kaflanna og láta sér vel líka handbragð fólksins frá þessum merkilega tíma.

Um þetta leiti koma fram stórsveitir á borð við Led Zeppelin, Jethro Tull, Colosseum, Fleetwood Mac, Chicago (Chicago hafa selt um eitt hundrað milljón plötur og gefið út 24 hljómplötur á ferlinum og er sú nýjasta frá þeim árgærd 2014) og eru sum þessara nafna en að og enn að gefa út nýjar plötur Flestar hljómsveitanna sem hér eru nefndar gáfu út fjölda platna á ferli sínum sem enn eru að seljast vegna þá auðvitað gæðanna sem þær innihalda. Gæðahljómsveitin Colloseum gaf svo sem ekki út eftir sig margar plötur en er samkvæmt vitundar höfundar ennþá starfandi kom út plata með þeim 2014. Muni höfundur rétt kom út nýtt efni frá Fleetwood Mac árið 2014 eða 2015. Jethro Tull lætur alltaf kræla á sér inn á milli. Þó sum bandanna sem hér eru talin upp séu fyrir alllöngu horfin af sjónarsviðinu seljast plötur þeirra jafnt og þétt og alltaf til fólk sem uppgötvar gæði þessi og vill bæta við í plöturekka sína.

Í samantektinni sem höfundur notar við umfjöllun þessa er þess getið að margt bendi til að The Beatles fari senn að draga sig til hlés og taka sig út úr skarkala frægðarinnar. Við vitum

að þetta gerðist síðar á árinu 1970. Birting efnisins sem hér er stuðst við var í Lesbók Morgunblaðsins frá febrúar 1970.



Líklegt er að vinsælasta hljómsveitin 1970 sé Led Zeppelin og að ný kynslóð tónlistarmanna hafi þar með tekið upp flagg hinna sem fyrir voru og ruddu braut fyrir svo margt og margir enn njóta góðs af. Engin dregur þó úr áhrifamætti The Beatles á allt þetta fólk og hljómsveitir sem hér hafa verið taldar upp jafn fyrirferðarmiklir og stórir í sniðum og þeir voru, og eru, á þessum árum. Að afneita krafti Bítlanna er erfitt og líklega ennþá erfiðara að víkja sér alfarið undan þessum sannleika, vildu menn það, sem stórlega má draga í efa.

Gert til gamans og vonandi líka fróðleiks.
Kveðja KRF.

Mynd til hægri. Í október 1993 auglýsti verslunin Skífan sérstaka Bítlaviku hjá sér að sjá má að lengi lifi í gömlum glæðum.

